

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Kistrúnu Frostadóttur um endurskoðun á bakvaktafyrirkomulagi ljósmæðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er staðan á viðræðum við Ljósmæðrafélag Íslands um endurskoðun á bakvöktum og bakvaktafyrirkomulagi sem frestað var þegar samkomulag var gert um framleiningu á kjarasamningi Ljósmæðrafélags Íslands og íslenska ríkisins 14. apríl sl. en samkvæmt bókun með samkomulaginu átti vinna við endurskoðun að hefjast 17. apríl sl. og ljúka 31. janúar 2024?*
2. *Hver er staðan á viðræðum við Ljósmæðrafélag Íslands um endurskoðun annarra sér-mála sem sett voru í verkáætlun í samkomulagi sem gert var um framleiningu á kjarasamningi Ljósmæðrafélags Íslands og íslenska ríkisins 14. apríl sl.?*

Verkáætlanir varðandi slíkar viðræður eru tvískiptar, annars vegar fara þær fram á bandalagsgrundvelli og hins vegar snúa þær að sérmálum stéttarfélaga.

Meðal atriða í viðræðuáætlun á bandalagsgrundvelli er skoðun á fyrirkomulagi bakvaka. Samtal um slík mál fara fram við bandalög en ekki einstök stéttarfélög. Vegna anna við önnur verkefni, þar á meðal áfangasamkomulag um jöfnun launa milli markaða, er umræða um bakvaktir ekki hafin. Á hinn bóginn hefur kjara- og mannauðssýsla ríkisins verið í virku samtali vegna þeirra sérmála sem Ljósmæðrafélagið óskaði eftir að sett yrðu inn í viðræðuáætlunina en þau eru:

1. **Hvíldartímalöggjöf og hvíldartímaákvæði kjarasamninga skulu höfð til hlíðsjónar við skipulag vinnu, kafli 2.4.** Kallað hefur verið eftir gögnum frá öllum heilbrigðisstofnum og unnið er að því að greina frávik á hvíldartíma. Einnig verður yfirvinna ljósmæðra greind yfir sumarmánuðina júní til ágúst á árunum 2022 og 2023, enda getur mikil yfirvinna orðið til þess að ekki næst að virða ákvæði um lögbundna lágmarks-hvíld.
2. **Mat á verkefnum og skyldum ljósmæðra og röðun þeirra til launa í stofnanasamningum, gr. 1.2.1 og 11.3.1.** Stofnanasamningar eru ekki á forræði samninganefndar ríkisins, heldur stofnananna sjálfra í samræmi við fjárhheimildir sem þær hafa í fjárlögum. Engu að síður hefur Kjara- og mannauðssýsla ríkisins verið í sambandi við hlutaðeigandi stofnanir og reynt eftir atvikum að liðka fyrir gerð stofnanasamnings.